



RITHÖFUNDASAMBAND ÍSLANDS

ISLANDS FORFATTERFORBUND – UNION DES ÉCRIVAINS ISLANDAIS – THE WRITERS' UNION OF ICELAND

Reykjavík 4. janúar 1991

Menntamálanefnd
neðri deildar Alþingis.

Alþingi

Erindi nr. Þ/3 1306

komudagur 7/1 1991

Ágæta menntamálanefnd.

Stjórn Rithöfundasambands Íslands hefur samkvæmt beiðni yðar skoðað og rætt frumvarp til laga um listamannalaun, 139. mál, og komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Stjórnin mælir með því að frumvarpið verði samþykkt með smávægilegum breytingum. Þó viljum við leggja sérstaka áherslu á að því aðeins eru líkur til að frumvarpið verði bókmenntasköpun þessa lands til framdráttar að það sé bjargföst ætlun og sannfæring Alþingismanna að eftir ákvæðum frumvarpsins verði farið við fjárlagagerð næstu ára.

Verði af þeirri eflingu Launasjóðs rithöfunda sem frumvarpið gerir ráð fyrir á næstu fimm árum eftir samþykkt þess, er það rithöfundum augljóslega til hagsbóta. Fari hinsvegar á annan veg virðist sem rithöfundar verði lakar settir en með núverandi löggjöf, þarsem frumvarpið gerir ráð fyrir að Starfslaun listamanna falli niður (eða renni inní þá nýju sjóði sem stofnaðir verða), en rithöfundar hafa í gegnum árin sótt um og fengið styrki úr Starfslaunasjóði listamanna.

Við gerum þrjár athugsæmdir við fimmtu grein frumvarpsins. Í fyrsta lagi stendur að sá sem þiggi starfslaun skuli eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þarna vildum við bæta við setningu einsog: "eða þeim lífeyrissjóði sem launagreiðandi kys". Ástæðan er sú að ýmsir listamenn eru í öðrum lífeyrissjóðum, og hyggist þeir nú taka sér hlé frá föstu starfi og helga sig listinni kysu þeir helst að greiða áfram í sama lífeyrissjóðinn til að tapa ekki réttindum sem þeir hafa áunnið sér þar.

Í öðru lagi gerum við athugasemd við það ákvæði að þeir sem njóti starfslauna skuli skila skýrslu um störf sín. Ástæðan er kannski einfaldlega sú að ekkert slíkt ákvæði er í núverandi lögum um Launasjóð rithöfunda, og virðist fjarvera þess aldrei hafa valdið vandræðum. Segja má að skýrslur rithöfunda um störf sín séu þær bækur sem þeir skrifa, og reiknað er með að úthlutunarnefnd skipi fólk sem fylgist með bókaútgáfu í landinu.

Í þriðja lagi teljum við óþarfa lokamálgrein 5. greinar: "Fella má niður starfslaun, sem veitt hafa verið til lengri tíma en 6 mánaða, ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni." Við teljum að sjálfsögðu elilegt að þeir njóti ekki starfslauna sem gegna öðru föstu starfi á meðan, enda er það tekið fram í næstu málsgrein á undan. Áðurnefnd síðasta setning 5. málsgreinar hlýtur þá að eiga við einhverjar aðrar ástæður þess að listamaður sinni ekki list sinni, og vandséð er hvað þar getur verið átt við, nema etv. veikindi, andleg eða líkamleg, eða einhverskonar sköpunarkreppur sem alkunnar eru úr listasögunni, en við slík tilvik kann að vera nokkuð harðneskjulegt að svifta menn viðurværi sínu. Að maður ekki nefni tilhugsunina um það eftirlitskerfi með sköpunarferli styrkþega listasjóðanna sem lagaákvæði af þessu tagi hlýtur að verða að styðjast við.

Í stuttu máli: Frumvarpið er til bóta og við hvetjum til samþykktar þess með ofangreindum athugasemdum. Verði það samþykkt munum við hinsvegar bíða með að láta fögnuð í ljós uns séð verður hvort hið háa Alþingi mun framfylgja því er til fjárlaga kemur.

Virðingarfyllst.
Fyrir hönd stjórnar
Rithöfundasambands Íslands



Einar Káráson, formaður